



9. desember 2022

Tilv.: 2211117

Dreifibréf nr. 36/2022

til tilkynningarskyldra aðila skv. a-k-lið 1. mgr. 2. gr. laga nr. 140/2018,  
b.t. ábyrgðarmanns aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka

*Efni:* Viðmiðunarreglur EBA um stefnu og verklag í tengslum við stjórnun regluvörslu og hlutverk og skyldur regluvarðar vegna aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin (EBA) hefur gefið út viðmiðunarreglur (e. guidelines) um stefnu og verklag í tengslum við stjórnun regluvörslu og hlutverk og skyldur regluvarðar vegna aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka (EBA/GL/2022/05).<sup>1</sup>

Viðmiðunarreglurnar byggja á fjórðu peningaþvættistilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 og beinast að eftirlitsstjórnvöldum og lána- og fjármálastofnunum. Viðmiðunarreglurnar útfæra nánar ákvæði 4. mgr. 8. gr. og 4. mgr. 46. gr. tilskipunarinnar, sbr. a-lið 2. mgr. 5. gr. a. og 34. gr. laga nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Í a-lið 2. mgr. 5. gr. a. laganna eru tilgreind atriði sem stefna, stýringar og verkferlar skulu að lágmarki fela í sér, m.a. tilnefningu ábyrgðarmanns. Í 1. mgr. 34. gr. laganna er kveðið á um skyldu tilkynningarskyldra aðila til að tilnefna ábyrgðarmann sem að jafnaði annast tilkynningar til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu og hefur skilyrðislausan aðgang að gögnum sem geta skipt máli vegna tilkynninga. Þá segir í 3. mgr. 34. gr. að ábyrgðarmaður skuli sjá til þess að innleidd sé stefna, stýringar og verkferlar sem stuðli að samræmdum starfsaðferðum og góðri framkvæmd laganna.

Í viðmiðunarreglunum er gerð grein fyrir þeim hlutverkum sem eiga að vera til staðar innan lána- og fjármálastofnana í tengslum við aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Nánar tiltekið að annars vegar sé til staðar ábyrgðarmaður á sviði framkvæmdastjórnar og hins vegar regluvörður vegna aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka (e. AML/CFT compliance officer), og í hvaða tilvikum þurfi ekki að tilnefna sérstakan regluvörð. Þá er hlutverki og skyldum þessara aðila lýst, auk þess sem fjallað er um stjórnun aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka innan samstæðu.

Í fyrsta hluta viðmiðunarreglnanna er fjallað um hlutverk stjórnar (e. management body in its supervisory function) og hlutverk framkvæmdastjórnar (e. management body in its management function) í umgjörð aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Þá er fjallað um tilnefningu aðila í framkvæmdastjórn sem

<sup>1</sup> [Guidelines on AML/CFT Compliance Officer](#)

ber ábyrgð á aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og hlutverk og skyldur tilgreinds aðila.

Í öðrum hluta viðmiðunarreglnanna er fjallað um tilnefningu regluvarðar vegna aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Fram kemur að regluvörður skuli vera úr annarri varnarlínu og vera hluti af sjálfstæðri einingu. Þá er fjallað um hvernig litið skuli til hlutfallsreglu (e. proportionality criteria) þegar tekin er ákvörðun um hvort tilnefna þurfi sérstakan regluvörð vegna aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Fram kemur að í þeim tilvikum sem tekin er ákvörðun byggð á hlutfallsreglu um að tilnefna ekki sérstakan regluvörð skuli hlutverk og skyldur hans færast til þess aðila sem tilgreindur hefur verið ábyrgðarmaður í framkvæmdastjórn. Fjallað er um hæfi, hæfni og þekkingu sem regluvörður þarf að búa yfir, hlutverk og skyldur hans, samband regluvörslueiningar og annarra eininga, sem og útvistun regluvörslu.

Í þriðja hluta viðmiðunarreglnanna er fjallað um skipulag regluvörslueiningarinnar á samstæðugrunni m.a. hlutverk framkvæmdastjórnar innan samstæðu.

Samkvæmt 3. mgr. 16. gr. ESAs reglugerðanna, sem innleiddar voru með lögum nr. 24/2017 um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði, eiga lögbær yfirvöld og eftirlitskyldir aðilar að leita allra leiða til að fara að viðmiðunarreglum evrópsku eftirlitsstofnananna og almennum tilmælum. Tilgangur viðmiðunarreglnanna er að koma á samræmdri, skilvirkri og árangursríkari eftirlitsframkvæmd innan evrópska fjármálaeftirlitskerfisins auk þess að tryggja sameiginlega, einsleita og samræmda beitingu á löggjöf innan EES.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands beinir því til tilkynningarskyldra aðila að kynna sér viðmiðunarreglur EBA/GL/2022/05 og taka mið af þeim í starfsemi sinni. Viðmiðunarreglurnar hafa þegar tekið gildi. Fjármálaeftirlitið mun styðjast við viðmiðunarreglurnar í eftirlitsframkvæmd og við mat á því hvort kröfum samkvæmt þeim ákvæðum laga sem fjallað er um hér að framan er fullnægt. Fjármálaeftirlitið mun hins vegar að svo stöddu ekki beita hluta 4.1.3 til og með 4.1.5 í viðmiðunarreglum EBA sem varða tilnefningu ábyrgðarmanns í framkvæmdastjórn á aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, en bendir tilkynningarskyldum aðilum engu að síður á að huga að tilnefningu ábyrgðarmanns í framkvæmdastjórn í samræmi við kröfur viðmiðunarreglnanna.

Dreifibréf þetta mun birtast á vefsíðu Seðlabankans ásamt slóð á enska útgáfu viðmiðunarreglnanna.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

fjármálaeftirlit

Björk Sigurgísladóttir  
frankvæmdastjóri  
lagalegt eftirlit og vettvangsathuganir

Ásdís Nordal Snævarr  
lögfræðingur  
lagalegt eftirlit og vettvangsathuganir